



Til:
Efni:
Upplýsingar:

svava.petursdottir@umhverfisstofnun.is
Re: Fw: Ósk um umsögn
Sent: 30/06/2015 16:45:35 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2015060020, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2015060020

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 22. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Helga Héðinssonar um að stækka á íbúðarhúsnæði að Geiteyjarströnd 1, Mývatnssveit. Íbúðarhúsnæðið er staðsett innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Fram kemur í erindinu að fyrir liggur leyfi til að stækka húsið en sótt er um breytingu á því leyfi. Um er að ræða ósk landeigenda um álit Umhverfisstofnunar en ekki er að sjá að um formlegt ferli á vegum sveitarfélagsins sé að ræða s.s. í tengslum við staðfest deiliskipulag.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við staðsetningu hússins enda um sama byggingarreit að ræða og nýttur hefur verið til fjölda ára og telur stofnunin að staðsetning húss áfram á sama reit muni því ekki breyta neinu frá því sem verið hefur fyrir lífríki á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun vill hins vegar benda á að almennt telur stofnuni að varast eigi mikið byggingarmagn og/eða auka byggingarmagn innan sjálfs verndarsvæðisins. Með auknu byggingarmagni, gishús/hótel og/eða íbúðarhús með mörgum íbúðum, má gera ráð fyrir meira álagi á nærsvæði Mývatns þ.e. á verndarsvæðinu og ber að varast það.

Í auglýstu deiliskipulagi fyrir Geiteyjarströnd, http://myv.is/files/Augl%C3%BDst%20deiliskipulag%2012.%20feb15_621728107.pdf, kemur fram að gert er ráð fyrir að hæsta hæð húsa þar verði um 7 m og gert er ráð fyrir nýju íbúðarhúsi á reit C. Ekki virðist fjallað sérstaklega um byggingarmagn á reit núverandi íbúðarhúss og það utan deiliskipulagsreits sbr. framangreint deiliskipulag. Eðlilegt væri að allt svæðið væri skipulagt í einu enda núverandi íbúðarhús innan verndarsvæðis og væri þá hægt að taka formlega á því hvað teldist eðlileg nýting og byggingarmagn bæði m.t.t. flatarmáls og hæðar þ.m.t. m.t.t. landslags. Náttúrufræðistofnun er ekki kunnugt um hvort framangreint deiliskipulag sé samþykkt.

Náttúrufræðistofnun telur að almennt beri að varast háar byggingar við vatnið enda er markmið laga um vernd Mývatns og Laxár jafnframt að vernda landslag og jarðmyndanir en í 2. mgr. laganna segir: Lögin eiga að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Date: 22.06.2015 15:07:41
To: María Fanndal Birkisdóttir/NI.IS@NI.IS
Subject: Fw: Ósk um umsögn

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 22.06.2015 15:07 -----

From: Svava Pétursdóttir <svava.petursdottir@umhverfisstofnun.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Date: 22.06.2015 12:37
Subject: Ósk um umsögn

Sæl/ll,

Umhverfisstofnun óskar hér með umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna umsóknar Helga Héðinssonar, um stækkun á íbúðarhúsnæði að Geiteyjarströnd 1, Mývatnssveit. Íbúðarhúsnæðið er staðsett er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Hjálagt er umsókn Helga Héðinssonar, umsækjanda og ábúanda að Geiteyjarströnd 1. Þar er að finna lýsingu á framkvæmdum. Ekki var hægt að senda teikningar með umsókn á rafrænu formi en stækkun íbúðarhúsnæðisins nemur allt að 6 metra hækkun frá því sem nú er. Hægt er að senda teikningar með pósti ef þess er óskað.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir umsögn á því hvort fyrirhuguð stækkun íbúðarhúsnæðis á Geiteyjarströnd 1 komi til með að hafa í för með sér neikvæð áhrif á lífríki og/eða neikvæð sjónræn áhrif.

Óskað er eftir því að umsögn berist fyrir 6. júlí 2015.

Bestu kveðjur, Best regards

Svava Pétursdóttir
Svið samþættingar, Department for Operation

cid:image001.png@01D0778A.10D8CBE0

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: <http://www.ust.is/disclaimer>



- C.png



- Viðbygging á Geiteyjarströnd 1.pdf